LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

Seltjarnarnes 23. nóvember2026.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Drög að frumvarpi til laga; mál nr. S-230/2026

Efni: Umsögn Ljósmæðrafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda(hámarkslánstími lána).

Ljósmæðrafélag Íslands gerir athugasemd við það ákvæði frumvarpsins að hámarkslánstími húsnæðislána verði 25 ár og leggst gegn því að svo þröngt hámark verði lögfest.

Félagið telur mikilvægt að við breytingar á regluverki húsnæðislána sé sérstaklega horft til stöðu barnafjölskyldna, ungs fólks og þeirra sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign. Fyrir þessa hópa er aðgengi að húsnæðismarkaði þegar veruleg áskorun. Styttri hámarkslánstími getur aukið mánaðarlega greiðslubyrði og þar með gert fjölskyldum erfiðara fyrir að uppfylla greiðslumat og komast inn á húsnæðismarkaðinn.

Sérstök áhrif á barnafjölskyldur
Barneignarárin eru almennt tímabil þar sem útgjöld heimila eru mikil. Kostnaður vegna húsnæðis, daglegrar framfærslu og þarfa barna fer saman við tímabil þar sem foreldrar geta jafnframt þurft að draga tímabundið úr atvinnuþátttöku, meðal annars vegna fæðingarorlofs og umönnunar barna.

Að mati Ljósmæðrafélags Íslands er mikilvægt að húsnæðisstefna taki mið af þessum veruleika. Takmörkun lánstíma við 25 ár má ekki verða til þess að útiloka barnafjölskyldur og ungt fólk frá því að eignast öruggt og viðeigandi húsnæði.

Þótt markmið um ábyrga lánveitingu og takmörkun á skuldsetningu heimila séu mikilvæg þarf jafnframt að gæta meðalhófs. Styttri lánstími getur vissulega leitt til þess að heildarvaxtagreiðslur yfir lánstímann verði lægri, en á móti kemur hærri greiðslubyrði í hverjum mánuði. Fyrir fjölskyldur sem eru að koma undir sig fótunum getur mánaðarleg greiðslubyrði ráðið úrslitum um það hvort fasteignakaup séu raunhæfur kostur eða ekki.

Húsnæðisöryggi er mikilvægt fyrir börn og fjölskyldur
Tryggt og stöðugt húsnæði er mikilvægur þáttur í öryggi og velferð fjölskyldna. Aðgerðir sem geta þrengt að möguleikum ungra barnafjölskyldna til fasteignakaupa þarf því að meta ekki eingöngu út frá fjármálalegum sjónarmiðum heldur einnig með hliðsjón af fjölskyldu- og félagslegum áhrifum þeirra.

Ljósmæðrafélag Íslands telur að löggjafinn eigi fremur að skapa svigrúm sem gerir heimilum kleift að velja lánstíma út frá aðstæðum sínum og greiðslugetu, innan skynsamlegs ramma um ábyrgar lánveitingar.

Ljósmæðrafélag Íslands mótmælir því að hámarkslánstími verði bundinn við 25 ár og hvetur Alþingi til að endurskoða ákvæðið.

Félagið leggur til að áfram verði heimilt að bjóða lengri lánstíma, sérstaklega með tilliti til þarfa fyrstu kaupenda og barnafjölskyldna. Slíkt svigrúm getur lækkað mánaðarlega greiðslubyrði og þannig auðveldað fjölskyldum að komast inn á húsnæðismarkaðinn.

Við mótun húsnæðislöggjafar þarf að tryggja jafnvægi milli fjármálastöðugleika annars vegar og raunhæfs aðgengis fjölskyldna að öruggu og varanlegu húsnæði hins vegar.

Með vinsemd fyrir hönd stjórnar Ljósmæðrafélags Íslands

Unnur B. Friðriksdóttir, formaður